

SAMÞYKKT

um búfjárhald í Ólafsfirði.

1. gr.

Tilgangur samþykktar þessarar er að tryggja sem best skipulag, stjórn og eftirlit með búfjárhaldi í Ólafsfirði, koma í veg fyrir ágang búfjár á lóðir bæjarbúa og gæta þess að hús fyrir búpening og önnur aðstaða sé þrífaleg og í samræmi við vilja bæjarstjórnar og gildandi lög hverju sinni.

2. gr.

Öll lausaganga búfjár er bönnuð í Ólafsfirði innan þess bæjarlands sem er afgirt og skipulagt.

3. gr.

Allt búfjárhald (s.s. alifugla, geita, hrossa kanína, loðdýra, nautgripa, sauðfjár og svína) er óheimilt í Ólafsfirði utan lögbýla nema með leyfi bæjarstjórnar að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- a) að búfjáreigendur hafi jafnan fullnægjandi aðstöðu til þess að halda búfé, bæði hvað varðar húsakost og fóður. Búfjárefirlitsmaður skal fylgjast með því að reglur þessar séu haldnar.
- b) að aðbúnaður búfjár og meðferð þess sé jafnan í fyllsta samræmi við ákvæði laga um búfjárhald og dýravernd. Þá er búfjáreigendum skylt að hlíta hvers konar fyrirmælum um hreinlæti og heilbrigðisshætti. Heilbrigðisfulltrúi fylgist með því að reglur þessar séu haldnar.
- c) að búfjáreigandi leitist við að hafa búfé sitt í sem öruggastri vörslu, sbr. 2. gr.

4. gr.

Sá sem hefur í hyggju að halda búfé samkvæmt 3. gr. skal senda umsókn þess efnis til bæjarstjórnar, sem tekur afstöðu til umsókna að fenginni tillögu landbúnaðarnefndar.

5. gr.

Telji bæjarstjórn skilyrðum fullnægt fyrir leyfisveitingu, skal hún veita leyfi til búfjárhalds. Leyfi til búfjárhalds skuldbindur þó ekki bæjarfélagið til að sjá leyfishöfum fyrir beitilandi eða annarri aðstöðu. Leyfi til búfjárhalds er gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt. Brjótí leyfishafi reglur um meðferð búfjár eða gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, má afturkalla leyfið með tveggja mánaða fyrirvara.

6. gr.

Bæjarstjórn skal tryggja sem best að girðing umhverfis byggð í bæjarlandi sé ávallt búfjárheld. Búfé skv. 3. gr. sem gengur laust, skal taka hvar sem til þess næst og færa í örugga vörslu, sem búfjárefirlitsmaður sér um. Eiganda skal tilkynnt um gripi sína og gert að sækja þá og greiða áfallinn kostnað, svo sem tjón og kostnað við handsömun. Hafi eigandi ekki hirt um að sækja gripi sína eða greiða áfallinn kostnað innan tíu daga, er heimilt að svipta viðkomandi leyfi til búfjárhalds. Við ítrekað brot missir leyfishafi rétt til búfjárhalds og verður gripum jafnframt ráðstafað í samræmi við ákvæði 11. gr. laga um búfjárhald nr. 46/1991.

7. gr.

Þeir sem við gildistöku þessarar samþykktar eiga að hafa í umsjá sinni búfé sem fellur undir ákvæði hennar skulu innan tveggja mánaða frá gildistöku tilkynna búfjárhald sitt og sækja um leyfi fyrir því. Búfénaður sem ekki hefur verið sótt um leyfi fyrir að þeim tíma liðnum, skal handsamaður á kostnað eiganda og slátrað að undangenginni aðvörun sem eigi hefur verið sinnt.

8. gr.

Landbúnaðarnefnd skal vera bæjarstjórn til ráðgjafar um öll mál er varðar samþykkt þessa eða málefni búfjáreigenda.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal fara með að hætti opinberra mála.

10. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ólafsfjarðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum um búfjárhald nr. 46 25. mars 1991 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um búfjárhald í Ólafsfirði nr. 361/1979.

Landbúnaðarráðuneytið, 13. mars 1995.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Breiðdalsvík.

1. gr.

Leyfisgjald vegna undanþágu frá banni við hundahaldi í Breiðdalsvík skal vera kr. 6.000 ár hvert.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppnefnd Breiðdalsvíkur, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, sbr. og samþykkt um hundahald í Breiðdalsvík nr. 369/1988, til að öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 13. mars 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.